



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 20. september
2019
USK2019060032
8.3

Skóla- og frístundaráð

Fyrirspurn um húsnæðismál Seljaskóla. Tilvísun í mál SFS2019060113.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. júní 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um stöðu framkvæmda og viðgerða við Seljaskóla og hvenær þeim ljúki.

Svar:

Staða framkvæmda og viðgerða við Seljaskóla 19. september 2019.

Uppbygging og endurbætur utanhúss eru langt komnar. Búið er að endurreisa þakvirki á húsi 4, sem kviknaði í 12. maí sl. og enduruppbygging og frágangur þakgafla stendur yfir. Gerðar hafa verið breytingar á húsum 8 og 9 svo að hægt væri að nýta þau til kennslu samhliða framkvæmdum. Viðgerðum vegna fyrri brunans sem varð 8. mars sl. er að mestu lokið. Samhliða hefur verið unnið að undirbúningi vegna uppbyggingar innanhúss og er nú unnið við hönnun og uppfærslu teikninga vegna innréttinga og endurnýjunar raf- og vatnslagna og loftræsikerfis.

Ekki er hægt að staðfesta dagsetningu verkloka fyrr en að lokið hefur verið við hönnun, en ljóst er að framkvæmdatíminn teygir sig fram á næsta ár.

Agnar Guðlaugsson, deildarstjóri byggingadeildar
á skrifstofu framkvæmda og viðhalds